


Skýrsla starfshóps um fjölmenningsfræðslu fyrir íþróttá- og tómstundastarf í Reykjavík



Febrúar 2025

Þann 26. nóvember 2018 skipaði Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð starfshóp til að móta tillögur um fjölmenningarfræðslu fyrir sjálfboðaliða og þjálfara í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík.

Tilgangur með vinnu starfshópsins er að opna huga og fræða sjálfboðaliða og þjálfara í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík um margbreytileika samfélagsins og menningarnæmni (e. intercultural competence). Bæta móttöku iðkenda af erlendum uppruna og stuðla að menningarnæmni þjálfara, sjálfboðaliða, starfsmanna, iðkenda og forráðafólks þeirra í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík.

Helstu verkefni starfshópsins voru eftirfarandi:

- Kynna sér fyrirbyggjandi efni um fjölmenningarfræðslu
- Funda með aðilum með þekkingu og reynslu í málaflokknum
- Skoða efni frá öðrum löndum

Starfshópurinn skipaði:

- Gerður Sveinsdóttir (Íþrótt- og tómstundasvið)
- Joanna Marcinkowska (Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar)
- Jóna Hildur Bjarnadóttir (Íþróttabandalag Reykjavíkur)

Helstu tillögur hópsins

Tillögurnar eru ætlaðar fyrir sjálfboðaliða og þjálfara í íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík. Hópurinn lagði til að tillögurnar nái einnig yfir annað starfsfólk, forráðafólk og iðkendur í íþrótt- og tómstundastarfi.

1. Verkferlar um móttöku (móttökuáætlun) og samskipti við nýja iðkendur

Gerðir verði verkferlar um móttöku og samskipti við forráðamenn og nýja iðkendur (móttökuáætlun) fyrir aðila sem standa að íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík. Lagt er til að því verði fylgt eftir að íþróttafélögin hafi virka móttökuáætlun.

2. Fjölmenningarfræðsla

Útbúin verði fjölmenningarfræðsla fyrir sjálfboðaliða og þjálfara í íþrótt- og tómstundastarfi, auk þess fyrir annað starfsfólk, forráðamenn og iðkendur. Þessi fræðsla myndi taka á menningarnæmni, sérstaklega út frá innflytjendum, staðalmyndum og hatursorðræðu.

3. Fræðsla um fjölbreytileika samfélagsins/mannréttindafræðsla

Fræðsla sem nær yfir fleiri minnihlutahópa (t.d. fatlað fólk, hinsegin fólk).

4. Áhersla á fjölmenningu í samstarfssamning Reykjavíkurborgar og íþróttafélaganna

Lagt er til að sett verði inn í endurskoðaðan samstarfssamning milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur viðbót við ákvæði 13. gr. núverandi samnings: „Einnig að íþróttafélögin leggi áherslu á fjölmenningu í sínu starfi“.

5. Fjölmennung í kennsluefni þjálfaramenntunar ÍSÍ og annarra sérsambanda.

Bætt verði inn fræðslu/kennsluefni um fjölmenningu inn í þjálfaramenntun ÍSÍ og hjá þeim sérsamböndum sem eru með þjálfaranámskeið.

6. Verkfærakista um fjölmenningu fyrir íþrótt- og tómstundastarf

Tæki og tól sem aðilar í íþrótt- og tómstundastarfi geta nýtt sér til að koma til móts við iðkendur af erlendum uppruna og forráðamenn þeirra, eins og móttökufundir, mentor - bæði fyrir iðkanda og forráðamenn þeirra, tengiliðir íþróttafélaga og aðila í tómstundastarfi við grunnskóla, frístundaheimili og leikskóla. Skapalón af fjölmenningarstefnu, gátlistar og orðalistar.

7. Eftirlit með vinnu að aðgerðum

Ákveðið var að starfshópurinn myndi vinna áfram að tillögum hópsins og forgangsraða tillögum. Forgangsröðun tillagna var skilað í apríl árið 2020.

Í starfshópurinn hefur tekið nokkrum breytingum síðan þá og í dag setja í honum:

- Aleksandra Kozimala (Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar)
- Birta Björnsdóttir (Íþróttabandalag Reykjavíkur)
- Gerður Sveinsdóttir (Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar)
- Jóhannes Guðlaugsson (Íþrótt- og frístundatengill, Suðurmiðstöð)
- Sema Erla Serdaroglu (Háskóli Íslands)

Staða verkefna hópsins í dag

1. Verkferlar um móttöku (móttökuáætlun) og samskipti við nýja iðkendur

Gerðir voru verkferlar um móttöku og samskipti við forráðafólk og nýja iðkendur af erlendum uppruna fyrir aðila sem standa að íþrótt- og tómstundastarfi í Reykjavík. Í framhaldi af því heimsótti ÍBR hverfafélögin 9 og kynnti fyrir þeim móttökuáætlunina. Móttökuáætlunina er að finna í verkfærakistu fjölmenningar á heimasíðu ÍBR: <https://www.ibr.is/fjolmenning>

Markmiðið með móttökuáætluninni er að gera móttökuna skilvirkari, að upplifunin sé jákvæð og þannig auka líkur á áframhaldandi þátttöku. Í móttökuáætluninni eru leiðbeiningar, gátlisti fyrir íþróttafélög, upplýsingar fyrir þjálfara, upplýsingar um aðlögunartímabil og upplýsingar um tólkaþjónustu. Lagt var til að tólkaþjónusta sé fengin fyrir fyrsta fund íþróttafélags og iðkanda og foreldra/forsjáraðila þegar þörf er á. Ekki hefur verið hægt að bjóða upp á tólkaþjónustu fyrir fyrsta fund þar sem ekki hefur fengist fjármagn fyrir verkefnið.

2. Búa til vefsíðu um fjölmenningu/innngildingu

ÍBR setti upp verkfærakistu fjölmenningar á heimasíðu ÍBR sem inniheldur upplýsingar um fjölmenningu. Verkfærakistan inniheldur meðal annars bæklinga á íslensku, ensku og pólsku til að einfalda nýjum iðkendur að finna hvar er hægt að æfa hverja íþrótt og hvað er í boði í þeirra hverfi, móttökuáætlun og annað fræðsluefni um fjölmenningu. Síðar kom í ljós að Æskulýðsvettvangurinn var kominn langt á veg með að útbúa sambærilega vefsíðu með upplýsingum um fjölmenningu og innngildingu. Æskulýðsvettvangurinn hefur nú klárað síðuna og er hún komin í loftið. Vefsíðan inniheldur meðal annars upplýsingar um fjölmenningu, skilgreiningar á hugtökum, fjölmenningar- og innngildingarstefnu, viðbragðsáætlun vegna fordóma og kynþáttahatus, gátlista fyrir innngildingu í íþróttafélögum, og möguleika til að bóka fræðslu og vinnustofur. Hægt er að nálgast verkfærakistuna á vefsíðu Æskulýðsvettvangsins:

<https://www.aev.is/fjolmenning-og-inngilding>

Verkfærakista Æskulýðsvettvangsins er nú aðgengileg á fjölmenningsíðu ÍBR:

<https://www.ibr.is/fjолmenning>

3. Orða- og setningalisti yfir helstu hugtök, orð og fyrirmæli í íþróttum

Starfshópurinn lagði til að útbúa orða- og setningalista a.m.k. á sem flestum tungumálum yfir helstu hugtök, orð og fyrirmæli í öllum íþróttum í Reykjavík. Komið verður inn á þetta betur neðar í skjalinu undir: Næstu verkefni starfshópsins.

4. Mannréttinda- og fjölmenningsfræðsla

Íþróttabandalag Reykjavíkur skyldaði alla þjálfara og starfsfólk nýu hverfafélaganna í Reykjavík í árlega fræðslu með því að setja fræðsluna sem skyldu í þjónustusamningum við hverfafélagin. Fræðslan fer fram í september/október á hverju ári.

Lagt var til að vera einnig með fræðslu fyrir foreldra/forráðafólk, iðkendur og sjálfboðaliða. Ekki hefur fengist fjármagn til að vera með fræðslu fyrir alla þessa aðila.

Þessi fjögur verkefni voru fremst í forgangs röðun starfshópsins og er þeim lokið. Starfshópurinn hefur einnig unnið fleiri verkefni sem fjallað er um hér að neðan undir: Önnur verkefni starfshópsins.

Önnur verkefni starfshópsins

Bæklingar fyrir öll hverfi í Reykjavík

Vinnuhópurinn útbjó bæklinga fyrir miðstöðvarnar fjórar í Reykjavík (Austurmiðstöð, Norðurmiðstöð, Suðurmiðstöð og Vesturmiðstöð) til að einfalda nýjum iðkendum að finna hvar er hægt að æfa hverja íþrótt og hvað er í boði í þeirra hverfi. Bæklingarnir eru allir á íslensku, ensku og pólsku og voru hafðir myndrænir til að ná til sem flestra. Bæklingnum var dreift í allar miðstöðvarnar og hannaður þannig að hann sé auðprentanlegur svo að miðstöðvarnar gætu prentað fleiri eintök eftir þörfum. Einnig er hægt að fletta upp íþróttum eftir hverfi á heimasíðu ÍBR

Bæklingana má nálgast hér: <https://www.ibr.is/fjолmenning>

Rafræn könnun á sálfélaglegum áhættuþáttum meðal iðkenda aðildarfélaganna ÍBR – Líf og sál

Íþróttabandalag Reykjavíkur og Líf og sál sálfræðistofa unnu saman að gerð könnunar til að senda út á aðildarfélag ÍBR. Markmiðið með könnuninni var að safna upplýsingum um sálfélaglega áhættuþætti meðal iðkenda hjá 9 stærstu íþróttafélögum Reykjavíkur. Spurningunum var skipt niður í fjóra þætti; samskipti og framkoma, líðan og álag, þjálfun og skipulag og neikvæð hegðun (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi). Könnunin skoðaði meðal annars mismunun fólks eftir kyni, uppruna, trúarbrögðum, húðlit, kynhneigð og öðrum þáttum.

Meðal spurninga voru til dæmis: “Hefur þú tekið eftir því hjá íþróttafélaginu að fólki sé mismunað eftir kyni, uppruna, trúarbrögðum, húðlit, kynhneigð eða öðrum þáttum?”.

Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á ráðstefnu Reykjavíkurleikanna, SPORTS 2023, í byrjun febrúar 2023.

Kynningar í ýmsum ráðum og nefndum borgarinnar

- Skýrsla starfshóps um fjölmenningsfræðslu (mars 2019)
- Tillögur starfshópsins um fjölmenningsfræðslu kynntar fyrir MÍTR (maí 2019)
- Erindi á ráðstefnu RIG „Íþróttir sem vettvangur samþættingar“, Joanna Marcinkowska (MAR) (janúar 2020)
- Forgangsröðun tillagna (apríl 2020)

- Móttökuáætlunin og bæklingar um íþróttir eftir hverfum var kynnt fyrir Fjölmeningarráði Reykjavíkurborgar (desember 2020)
- Kynning fyrir MÍTR á stöðu verkefna starfshópsins þar sem einnig voru kynnt verkefni ÍBR tengd kynferðislegu ofbeldi og kynferðislegri áreitni í íþróttum auk kynningar Þjónustumiðstöðvar Breiðhols á tilraunaverkefninu „Frístundir í Breiðholti“ (apríl 2022)
- Málþing UMFÍ um aukna þátttöku fólks af erlendum uppruna (25. maí 2022)
- Kynning á verkefnum starfshópsins fyrir stýrihóp um stefnumótun fjölmeningarborgarinnar Reykjavík (30. janúar 2025)

Gera kleift að hægt sé að tilkynna kynþáttahatur og fordóma til Íþróttabandalags Reykjavíkur/Samskiptaráðgjafa Hvergi í íþróttahreyfingunni var hægt að tilkynna kynþáttahatur og fordóma. Nú er hægt að tilkynna það til ÍBR og/eða til Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. Mikilvægt er fá inn þessar tilkynningar, bæði svo hægt sé að vinna úr málunum sem koma upp en einnig til að halda utan um tölfræði í þessum málaflokki. ÍBR kynnis leiðir til að tilkynna mál fyrir íþróttafélögnum í reglulegum úttektum.

Að öll hverfi Reykjavíkur fái Íþróttá- og frístundatengil líkt og er í Breiðholti.

Breiðholt var fyrst allra hverfa til að vera með Íþróttá- og frístundatengil sem vinnur markvisst að því að fleiri börn og unglingar sem eru óvirk taki þátt í íþróttá- og frístundastarfi. Ein af tillögum starfshópsins var að öll hverfi Reykjavíkur (miðstöðvarnar fjórar) fái sinn Íþróttá- og frístundatengil. Þetta hefur nú gerst og eru öll hverfin með sinn íþróttá- og frístundatengil sem mun vera í nánú samstarfi við starfsfólk grunnskólanna, frístundaheimilanna og íþróttafélaganna í sínu hverfi.

Næstu skref/tillögur hjá starfshópnum

1. Gæðafulltrúi íþróttafélaganna

ÍBR hefur lagt til að fá gæðafulltrúa íþróttafélaganna sem hefur eftirlit með jafnréttisstefnu, mannréttindastefnu, siðareglum, verkferlum og eineltisáætlunum. Fulltrúinn vinnur að jafnrétti kynjanna, þátttöku allra í íþróttum (þá sérstaklega iðkendum af erlendum uppruna, fötluðum iðkendum, hinsegin og kynsegin iðkendum). Gæðafulltrúinn sér um að kynna allar reglur, stefnur og áætlanir til iðkenda, forráðafólks, þjálfara og starfsfólks. Fulltrúinn er með eftirlit með kynjaskiptinu og þróun kynjahlutfalls og fjölda iðkenda af erlendum uppruna. Gæðafulltrúinn skipuleggur fræðslur og kynningar til foreldra og iðkenda í samráði við íþróttastjóra, framkvæmdastjóra og Íþróttabandalag Reykjavíkur. Gæðafulltrúinn vinnur með hagsmuni barna að leiðarljósi í íþróttafélaginu. Gæðafulltrúinn vinnur náið með íþróttá- og frístundatengli hverfisins til að tryggja þátttöku fólks af erlendum uppruna í íþróttum. Starfshópurinn leggur til að kanna útfærslu á þessari tillögu með ÍBR.

Ábyrðaraðili: ÍBR

2. Þjálfaramenntun ÍSÍ

Þjálfaramenntun ÍSÍ gefur réttindi til íþróttþjálfunar. Starfshópurinn telur mikilvægt að mikil áhersla sé lögð á fjölmeningar- og inngildingarfræðslu í námsefninu. Starfshópurinn hefur þegar veitt ÍSÍ efni og tengilið til að innleiða slíka fræðslu í námsefnið.

Ábyrðaraðili: ÍBR

- 3. Orða- og setningalisti á sem flestum tungumálum yfir helstu hugtök, orð og fyrirmæli í viðkomandi íþrótt**
Mikilvægt er að fólk af erlendum uppruna geti skilið þær upplýsingar sem eru sendar út á iðkendur/foreldra og eru á heimasíðum íþróttafélaga. Útbúa þarf orða- og setningalista á sem flestum tungumálum yfir helstu hugtök, orð og fyrirmæli í öllum íþróttum sem eru í boði í Reykjavík. Þannig geta íþróttafélögin notað orðalistann á sínum heimasíðum og þannig auðveldað fólki af erlendum uppruna við að skilja betur þær upplýsingar sem settar eru fram.

Ábyrðaraðili: ÍBR

- 4. Upplýsingar um kostnað við að æfa og keppa**

Ein af hindrunum barna og ungmenna við að æfa íþróttir eru kostnaðarliðurinn. Mikilvægt er að börn og ungmenni og forráðafólk þeirra séu upplýst um frístundastyrkinn. Einnig er mikilvægt að þau hafi vitneskju um kostnað við hverja íþrótt. Hjá íþróttafélögunum eru aðeins nefnd æfingagjöldin en það að iðka íþróttir hefur mikið af földum kostnaði. Því telur starfshópurinn mikilvægt að hafa upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu félaganna um hver raunkostnaðurinn er við að æfa hverja íþrótt. Innifalið í þessari upphæð verða æfingagjöld, kaup á búnaði (t.d. skór, hlífar), frístundaakstur, hversu mörg mót eru og hver kostnaður er við þau, og annar aukakostnaður sem er líklegur til að koma upp.

Ábyrðaraðili: ÍBR

- 5. Fjölmennningar- og inngildingarfræðsla fyrir iðkendur, foreldra og sjálfboðaliða**

Öll íþróttafélög í Reykjavík hafa fengið fjölmennningar- og inngildingarfræðslu fyrir þjálfara og starfsfólk. Næsta skref er að útvega samskonar fræðslu fyrir iðkendur, forráðafólk og sjálfboðaliða.

Ábyrðaraðili: ÍBR

- 6. Samnýting túlkapjónustu**

Starfshópurinn leggur til að farið verði í samstarf um að íþróttafélögin verði hluti af Velkomin í hverfið verkefnið og samnýta þannig túlkapjónustu sem er nú þegar til staðar í miðstöðvum borgarinnar. Þannig verður túlkapjónusta tryggð fyrir iðkendur/forráðafólk og íþróttafélagið til að auðvelda öll samskipti og tryggja að iðkandinn fái þær upplýsingar sem hann þarf til að byrja að æfa.

Ábyrðaraðili: ÍBR

- 7. Hvetja til að íþróttafélögin styðji við vinnufélagskyldu/vinaliðaverkefni**

Mikilvægt er að fólk upplifi sig velkomid í íþróttafélagið, bæði foreldrar og iðkendur. Því telur starfshópurinn mikilvægt að íþróttafélög innleiði vinnufélagskyldur og vinaliðakerfi í samstarfi við foreldraráðin í íþróttafélögunum. Vinnufélagskyldur og vinaliðar geta tengst við fólk af erlendum uppruna eða fólk sem vantar tengsl inn í íþróttafélagið.

Ábyrðaraðili: ÍBR

- 8. BBB – Betri borg fyrir börn**

Í ljósi nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) leggur starfshópurinn til að skoðaður verði sá möguleiki að íþróttafélögin komi að samstarfsteymi BBB svo hægt sé að framfylgja lögnum og að íþróttafélögin séu hluti af samþættri þjónustu í hverfum borgarinnar.

Ábyrðaraðili: ÍBR

9. Íþróttakort

ÍBR ásamt Svæðisfulltrúum Íþróttahéraða á höfuðborgarsvæðinu eru að vinna að rafrænu íþróttakorti. Íþróttakortið er byggt á danskri fyrirmynd og verður aðgengilegt á öllum tungumálum. Á íþróttakortinu er hægt að haka við hvar barn býr og hægt að sjá hvaða íþróttir eru í boði. Einnig er hægt að merkja sérstaklega við ef iðkandi er með fötlun og fleiri atriði sem gera íþróttakortið inngildandi fyrir öll.

Ábyrgðaraðili: ÍBR